

Mótun sjálfsmýndar og kynjamismunur barna og unglinga Eftir Kolbrúnu Baldursdóttur, sálfræðing

Snemma á ævinni uppgötvar barnið hvers kyns það er. Hvernig það gerist nákvæmleg er umdeilt. Á fyrstu árunum eru eiginleikar kynjanna líkari en ólíkari. Leikir eru þó talsvert öðruvísi en eru mikið háðir félagslegu og menningarlegu umhverfi barnsins. Á aldurs skeiðinu 7/8 ára til 18 ára er einstaklingurinn að móta sína eigin sjálfsmýnd. Skilaboðin sem einstaklingurinn fær um sjálfan sig frá umhverfinu mótar mikið til sjálfsmýnd. Vandamál s.s. námsörðugleikar, einelti, offituvandi eða vandamál á heimilinu getur haft skaðleg áhrif á unga og ómótaða sál. Því nær sem dregur unglingsárunum fer að bera æ meira á kynjamismuni sem helst út ævina. Kynjamismunur finnst bæði á sviði tilfinninga, vitsmuna og atferlis. Bæði er um að ræða líffræðilegan kynjamismun en einnig áunninn sem þýðir að börn læra af fyrirmyndum sínum og meðtaka ákveðin hlutverk frá umhverfi sínu. Útilokað getur reynst að álykta svo nákvæmt teljist hvað sé meðfætt og hvað sé lært.

En hvað er talið vera ólíkt með kynjunum? Hvað þykir dæmigert fyrir stráka/menn og hvað þykir dæmigert fyrir stúlkur/konur? Þekktustu staðalmyndirnar eru þær að karlmenn séu sjálfstæðari, rökrænni í hugsun og ákveðnari ef samanborið við kvenfólk. Þeim hefur einnig verið lýst sem framsæknara kyninu og metnaðarfullra. Konur hafa hins vegar yfirburði í ýmsum tilfinningar- og félagslegum málum. Þær eiga auðveldara með að tjá sig, sýna samkennd og mynda tengsl. Þær eru einnig sagðar samviskusamari með margt og vilja frekar þóknast og gera til geðs heldur en strákarnir. Margir eru þeirra skoðunar að hér sé um gamla mýtu að ræða og dæmi hver fyrir sig.

Flestir eru þó sammála um að kynin eru ólík þó auðvitað meira á sumum sviðum en öðrum. Rannsóknir hafa sýnt að finna má kynjamismun milli bráðþroska drengja annars vegar og bráðþroska stúlkna hins vegar. Niðurstöður hafa sýnt að bráðþroska drengir séu t.d. öruggari með sig, sjálfstæðari og njóta frekar trausts jafnaldrana heldur en drengir sem eru seinþroska. Bráðþroska stúlkur hins vegar virðast óöruggari með sig, eru oft sjálfmeðvitaðar og uppteknar að útliti sínu.

Atferlismunur kynjanna.

Ef rætt er t.d. við íþróttþjálfara segjast þeir sjá mikinn kynjamismun hjá þeim krökkum sem þeir þjálfar. Sem dæmi séu stúlkurnar uppteknari af vinkonusamböndum, þær sýni frekar tilfinningar sínar, séu opnari þar á meðal um sín persónulegu mál. Drengir séu meira fyrir aðgerðir en hugsa minna um tilfinningaþátt vinasambanda. Ef stúlkur eru spurðar þá lýsa þær sér oft sem miklum félagsverum, vilja vera í tengslum við margar góðar vinkonur og hafa mikla þörf fyrir að spjalla saman, bera saman bækur sínar og ræða um aðra krakka. Drengirnir velja frekar að fara að gera eitthvað saman en að sitja og spjalla saman. Enda þótt drengirnir leggi ekki síður áherslu á að eiga góðan vin/vini þá virðast tengsl þeirra eða sambandið ekki vera eins tilfinningarlega náð eins og það getur verið hjá stúlkunum. Stúlknavinkonusambönd eru einnig afar viðkvæm fyrir illu umtali, baktali, og trúnaðarbrotum. Slíkar uppákomur virðast sjaldnar vera vandamál í drengjavinasamböndum eða í það minnsta láta þeir þá minna á því bera.

KYNJAMISMUNUR Í VIÐHORFI TIL SJÁLFS SÍN HVAD VARÐAR ÁRANGUR OG MISTÖK.

Viðhorfamunur hefur fundist milli kynjanna þegar kemur að því hvernig kynin upplifa eigin árangur og mistök. Rannsóknir sýna að karlmenn eru oftar verkefnamiðaðir, einblína á lausn verkefna en stúlkur frammistöðumiðaðar, einblína þá meira á eigin hæfni og getu

við lausn verkefna. Ef sjálfsmatið er nátengt árangri er hættu á að erfiðari verkefni verði sniðgengin af ótta við að mistakast.

Eins eru kynin ólík með hvernig þau taka hrósi fyrir góðan árangur. Ef drengjum er hrósað fyrir góðan árangur verða þeir gjarnan stoltir og ánægðir með sig. Ef stúlkum er hrósað eiga þær til að draga úr því með því að reyna að útskýra af hverju þeim gekk vel. Þær gera lítið úr árangri sínum en taka fulla ábyrgð á mistökum.

Almennt séð er kvenfólk með lægra sjálfsmat en karlmenn. Sem dæmi hefur það sýnt sig í sumum rannsóknum að drengir hafa jákvæðari ímynd af eigin líkama en kvenfólk. Stúlkurnar eru gagnrýnni á sjálfa sig en drengirnir. Stúkur eiga það til að vanmeta hæfni sína en drengir að ofmeta sína

Samskipti kynjanna á unglingsárunum.

Unglingsstúlkur kvarta einna helst yfir því að drengir sýni þeim ekki nægjanlega virðingu og hugsu um það eitt að sofa hjá þeim. Stúlkur vilja meina að sumir strákar séu meira uppteknir af því að finna að þeir eigi séns í fleiri en eina stúlku. Stúlkur leggja meiri áherslu á tilfinningar og vilja gera þá kröfu til kærasta sinna að þeir séu raunverulega ástfangnir af þeim.

Stúlkur upplifa oft en ekki blendnar tilfinningar eftir að hafa stundað kynlíf í fyrsta sinn. Annars vegar finnst þeim kynlífsreynslan spennandi og með því að hafa prófað kynlíf finnast þær sem þær séu eldri og reyndari. Stelpurnar eru þó mikið frekar en drengirnir uppteknar af því hvernig talað er um þær.

Almenningsálitið eru þeim oftast nær kært. Stúlka sem tekur þá ákvörðun að sofa hjá dreng sem hún er hrifin af og telur hrifninguna vera gagnkvæma getur orðið fyrir miklu áfalli ef hún í kjölfarið uppgötvar að hrifningin var ekki gagnkvæm.

Hún óttast höfnun og að hann muni fljótlega vera búin að finna sér nýja kærustu. Ungar stúlkur þola það illa að upplifa að þær hafi verið notaðar og að tilfinningar sem þær héldu að væru í sambandinu hafi þegar allt kom til alls ekki verið raunverulegar. Margar stúlkur óttast að missa frá sér kærastann ef þær neita að stunda kynlíf með honum. Algengur misskilningur er einnig hjá ungu fólki að halda að kynlíf sé sönnun þess að ást sé í spilinu.